

6. Virkur stuðningur

6.b. Samband notanda og aðstoðarfólks

Í þessum kafla er rætt áfram um *virkan stuðning* sem er nálgun í starfi aðstoðarfólks sem fellur vel að mörgum atriðum varðandi hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning. Samkvæmt þessari nálgun skiptir sambandið á milli aðstoðarfólks og notanda mjög miklu máli í því að efla vald notanda í eigin lífi.

Í rannsókninni kom fram að aðstoðarfólk sem er í sambandi við notanda sem einkennist af nánd, trausti, einlægum áhuga, tilfinningalegum tengslum og gagnkvæmni virðist betur í stakk búið að taka hlutverk stuðningsaðilans. Í hugmyndum um *virkan stuðning* er slíkt samband á milli aðstoðarfólks og notanda kallað „hið eflandi samband“ og er litið á það sem forsendu fyrir góðum vinnubrögðum aðstoðarfólks. Þar er einnig talað um að innihaldsrík samskipti séu hluti af hinu eflandi sambandi en rætt var um það að eiga innihaldsríkar samræður í kafla 3 hér á undan.

Það er mikilvægt að aðstoðarfólk og notandi nái að byggja upp samband á milli sín sem einkennist af nánd, trausti, einlægum áhuga, tilfinningalegum tengslum, gagnkvæmni og innihaldsríkum samskiptum. Það krefst þess að þau gefi sér góðan tíma í að kynna.

Verkefni: Vinnið saman tvö og tvö. Hvort ykkar hugsar um samband sitt við ákveðinn notanda. Reynið að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvað átt þú sameiginlegt með notanda? (Áhugamál, persónueinkenni, önnur tengsl).
- Hverju hefur notandi mestan áhuga á og hvernig geturðu sýnt því áhuga?
- Hvaða tilfinningar tengir þú við samband ykkar?
- Hvernig hefur notandi áhrif á þig? Hefurðu lært eitthvað af honum/henni?